

Lífsleikni 6. bekkur

Kennari: Magdalena Przewlocka

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í lífsleikni. Á blaðsíðum 198-203 í 24. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um samfélagsgreina má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

Kennsluhættir

Nemendur þjálfast í lýðræðislegri þátttöku í skólanum og samfélaginu. Áhersla er lögð á virkni nemenda í tímum þar sem þeim er veitt tækifæri til að tengja saman félagsfærni, tilfinningar, skilning/hugsun og hegðun við fjölbreytilegar aðstæður.

Reynsluheimur – nemendur taka þátt í ART kennslu, fá tækifæri til að ræða um efnið sem unnið er með í litlum hópum og átta sig á siðferðilegum álitamálum.

Hugarheimur – nemendur læra að nota skólasafnið og netið við heimildaleit, vinna verkefni um sjálfsmynd, styrkleika og veikleika, heilbrigða og holla lífshætti og tilfinningar.

Félagsheimur – nemendur taka þátt í bekkjarfundum, æfa félagsfærni gegnum hlutverkaleik, æfa sig í að setja sig í spor annara og takast á við ímyndaðar aðstæður, samfélagsleg málefni og álitamál. Ræða reglur í samskiptum fólks og taka þátt í að setja sameiginlegar bekkjareglur.

Námsgögn

- Veraldarvefurinn og bækur
- Ljósritað efni
- Spil

Námsmat

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima.